

ERINDISBRÉF

Starfhópur um undirbúning lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðaraðili:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð.

Inngangur:

Mosfellsbær: Leiðarljós lýðræðisstefnu er að virkja íbúa til þátttöku í málefnum og stefnumótun sveitarfélagsins og tryggja þannig aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og mótun nærumhverfis síns. Þannig skal stuðlað að virku íbúalýðræði sem leiðir af sér sátt um stefnumótun og ákvarðanir sveitarfélagsins.

Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar skal hafa að leiðarljósi aukna möguleika íbúa til þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku í stærri sem smærri málum. Þátttaka íbúa skal hafa það að markmiði að auka þau áhrif sem íbúar geta haft á umhverfi sitt og stjórn borgarinnar, auka sátt um ákvarðanir og stefnu og efla gæði í ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins. Horft skal til leiða til að gæta jafnræðis og virkja þá hópa sem síður hafa nýtt sér þá möguleika til þátttöku sem staðið hafa til boða.

Hlutverk:

Starfhópurinn skal afla nauðsynlegra gagna og vinna að öðrum undirbúningi fyrir gerð lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. Skal vinna starfshópsins meðal annars fela í sér að kortleggja með hvaða hætti lýðræðisstefnumótun annarra sveitarfélaga, hérlendis og erlendis, er háttað. Horft skal til mismunandi stiga þátttöku og hvernig þau spila saman við fulltrúalýðræðið.

Helstu verkefni:

- Gagnaöflun til undirbúnings gerðar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.
- Leita skal fyrirmynda sem líta mætti til við gerð lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn skipa:

- Theódóra Sigurðardóttir, (formaður) og Unnur Margrét Arnardóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
-

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfhópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu eða reynslu á viðfangsefni starfshópsins.

Starfstímabil:

Starfhópurinn skili stjórnkerfis- og lýðræðisráði vinnu sinni eigi síðar en [Dags].

Samþykkt á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 8. febrúar 2016.

DRÖG